

September 2023



Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins í Vestmannaeyjum

á málefnasviði umhverfis-,
orku- og loftslagsráðuneytisins



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins í Vestmannaeyjum
á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Útgefandi: Stjórnarráð Íslands

Umbrot og textavinnsla: Stjórnarráð Íslands

© 2023 Stjórnarráð Íslands

Skuggasund 1 – 101 Reykjavík

545 8600 | urn@urn.is

ISBN 978-9935-9739-4-8

September 2023

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Samantekt	4
1. Inngangur	7
1.1 Starfshópur um eflingu samfélagsins í Vestmannaeyjum	7
1.2 Samráð	8
1.3 Græna eyjan — Vegferð í átt að 100% orkuskiptum	9
2. Bætt orkuöryggi í Vestmannaeyjum	10
2.1 Dreifi- og flutningskerfi raforku — Lífæð Eyja!	10
2.2 Vatnslögn til Vestmanneyja — Önnur lífæð Eyja!	11
3. Orkuöflun innan svæðis	13
4. Hringrásarhagkerfi og græn atvinnuuppbygging	15
5. Menningarminjar og náttúrutengd innviðaupbygging	16
5.1 Vestmannaeyjar, jarðvangur	16
5.2 Uppbygging innviða í þágu náttúruverndar	17
5.3 Nýsköpun	18
6. Önnur atriði til eflingar samfélagsins í Vestmannaeyjum	19
6.1 Jarðgöng til Vestmannaeyja	19
7. Lokaorð	21
8. Erindisbréf	22



Samantekt

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði þann 24. febrúar 2023 starfshóp um eflingu samfélags í Vestmannaeyjum til að vinna tillögur um aðgerðir sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins og stuðlað geta að því að efla samfélagið í Vestmannaeyjum.

Tillögur starfshópsins skulu a.m.k. snúa að bættu orkuöryggi svæðisins hvað varðar dreifi- og flutningskerfi raforku og kanna möguleika á aukinni orkuöflun innan svæðisins. Jafnframt skal hópurinn leggja fram tillögur um eflingu hringrásarhagkerfisins, menningarminjar og náttúrutengda innviðaupbyggingu sem og með hvaða hætti verði stuðlað að grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Starfshópurinn tók að sér að skila tillögum til ráðherra á fjórum mánuðum. Starfshópurinn hefur lagt áherslu á að ná til sem flestra faghópa og sérfræðinga er tengjast málefnasviði ráðuneytisins og leggja fram skýrar tillögur sem unnt er að hefja strax framkvæmdir við.

Starfshópurinn lagði áherslu á að setja niðurstöður hópsins fram á þann hátt að koma beint að efninu og leggja fram tillögur með skýrum hætti frekar en að skrifa langa skýrslu, sem myndi hugsanlega daga uppi í hillum ráðuneytis eða þjóðarbókhlaða.

Framtíðarsýn starfshópsins er að samfélagið í Eyjum búi að orkuöryggi og er að mestu leyti sjálfu sér nægt um raforku og varma. Vestmannaeyjar verði Græna eyjan – samfélag sem skarar fram úr og er öðrum fyrirmynd. Samfélag sem keyrt er á endurnýjanlegri orku. Framtíð þar sem Eyjarnar eru markaðssettar sem sjálfbær byggð, sjávarútvegurinn með vinnslurnar á endurnýjanlegri orku og útgerð sem fjárfestir í grænum valkostum til þess að hámarka verðmætasköpun.

Tillögur stafshópsins – *Græna eyjan*:

1. Bætt orkuöryggi í Vestmannaeyjum – Dreifi- og flutningskerfi raforku

Starfshópurinn telur algjört forgangsmál að nú þegar verði hafinn undirbúningur að lagningu tveggja nýrra rafstrengja til Vestmannaeyja, samhliða. Það er eina leiðin til að tryggja öryggi raforkuflutninga og hringtengingu og ná 100% orkuskiptum í Vestmannaeyjum líkt og áætlanir stjórnvalda gera ráð fyrir.

Markmið: Að tryggja fullnægjandi raforkuinnviði í Vestmannaeyjum til þess að mæta aukinni raforkuþörf.

2. Bætt orkuöryggi í Vestmannaeyjum – Vatnslögn

Starfshópurinn leggur til að þegar verði hafin framkvæmd við nýja neðansjávar vatnslögn til Vestmannaeyja í samstarfi ríkis, HS veitna og Vestmannaeyjabæjar.

Markmið: Að tryggja vatnsöryggi í Vestmannaeyjum.

3. Orkuöflun innan svæðis

Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið setji af stað vinnu í samvinnu við Vestmannaeyjabæ við að kanna frekari kosti við nýtingu lághita og annarra staðbundinna orkuöflunarkosta.

Markmið: Að stuðla að aukinni orkuframleiðslu í Vestmannaeyjum.

4. Hringrásarhagkerfi og græn atvinnuuppbygging

Vestmannaeyjabær verði fyrsta sveitarfélagið í heiminum til að taka upp stefnu sem miðar að „100% fisk“, þ.e. 100% fullvinnslu og fullnýtingu allra sjávarafurða. Samhliða verði unnið að eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu.

Markmið: Að auka enn frekar verðmætasköpun með fullnýtingu sjávarafurða á sjálfbærnan hátt og efla hringrásarhagkerfið.

5. Vestmannaeyjar, jarðvangur

Vestmannaeyjabær kanni frekar kosti þess að vinna að undirbúningi stofnun jarðvangs í Vestmannaeyjum: „Vestmannaeyjar, Unesco Global Geopark“.

Markmið: Að auka náttúruvernd með stofnun jarðvangs í Vestmannaeyjum.

6. Uppbygging innviða í þágu náttúruverndar

Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið og Vestmannaeyjabær skoði möguleika á frekari uppbyggingu innviða í Vestmannaeyjum til þess að vernda einstaka náttúru í Vestmannaeyjum.

Markmið: Að auka náttúruvernd með innviðaupbyggingu svo sem göngustígum og útsýnispöllum.

7. Nýsköpun

Starfshópurinn leggur til að umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti skoði möguleika á að styðja við nýsköpunarumhverfið í Vestmannaeyjum hvað varðar verkefni á mál-efnasviði ráðuneytisins.

Markmið: Að efla enn frekar nýsköpun í Vestmannaeyjum í þágu umhverfisins.

Tillögur stafshópsins — önnur atriði til eflingar samfélagsins í Vestmannaeyjum:

8. Jarðgöng til Vestmannaeyja

Starfshópurinn telur það vera lykilatriði að ljúka sem fyrst öllum rannsóknum og fýsileikakönnun svo unnt sé að taka afstöðu til jarðganga til Eyja.

Markmið: Að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis frá samgöngum og vöruflutningum til og frá Vestmannaeyjum.



1. Inngangur

1.1 Starfshópur um eflingu samfélagsins í Vestmannaeyjum

Á fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 21. febrúar 2023 var farið yfir helstu áskoranir sem bæjarstjórn glímir við sem og helstu hagsmunamál sveitarfélagsins. Á fundinum kom fram það sjónarmið heimafólks að meginviðfangsefni svæðisins snúi að því að styrkja innviði til að tryggja afhendingaröryggi raforku til Vestmannaeyja. Til að tryggja örugg búsetuskilyrði og styrkja samkeppnisstöðu sveitarfélagsins þurfi að tryggja örugga innviði til framtíðar, þ.m.t. flutnings- og dreifikerfi og stuðla að fjárfestingum á svæðinu til uppbyggingar á grænni atvinnustarfsemi.

Með vísu til þessa skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þann 24. febrúar 2023 starfshóp um eflingu samfélags í Vestmannaeyjum til að vinna tillögur um aðgerðir sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins og stuðlað geta að því að efla samfélagið í Vestmannaeyjum.

Tillögur starfshópsins skulu a.m.k. snúa að bættu orkuöryggi svæðisins hvað varðar dreifi- og flutningskerfi raforku og kanna möguleika á aukinni orkuöflun innan svæðisins. Jafnframt skal hópurinn leggja fram tillögur um eflingu hringrásarhagkerfisins, menningarminjar og náttúrutengda innviðauppbyggingu sem og með hvaða hætti verði stuðlað að grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Starfshópurinn skipa:

Árni Sigfússon, formaður

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

Gísli Stefánsson, æskulýðsfulltrúi og bæjarfulltrúi

Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu var starfsmaður hópsins

Í erindisbréfi var gert ráð fyrir að starfshópurinn myndi skila tillögum sínum til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra eigi síðar en 1. júlí 2023. Tillögur eða ábendingar hópsins skulu vera stuttar og hnitmiðaðar. Ráðuneytið mun taka tillögur og ábendingar hópsins til frekari skoðunar og útfærslu eftir atvikum.

1.2 Samráð

Starfshópurinn hefur átt fundi og samtöl með stofnunum og hagsmunaaðilum um verkefni starfshópsins á tímabilinu frá mars 2023 fram í júní 2023.

HS veitur: Páll Erland, Ívar Atlason, Gunnlaugur Kárason, Sigrún Inga Ævarsdóttir, Egill Þorsteinn Sigmundsson og Jónas Dagur Jónsson.

Landsvirkjun: Hörður Arnarson og Tinna Traustadóttir.

Orkustofnun: Halla Hrund Logadóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Langa ehf.: Hallgrímur Steinsson og Alex Freyr Hilmarsson.

Bæjarráð Vestmannaeyja: Njáll Ragnarsson, Eyþór Harðarson, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir.

Hafnarstjórn Vestmannaeyja: Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Herjólfur ohf.: Hörður Orri Grettisson.

Fab Lab Ísland: Frosti Gíslason.

Íslenski sjávarklasinn: Þór Sigfússon.

Landsnet: Guðmundur Ingi Ásmundsson, Nils Gústavsson, Svandís Hlín Karlsdóttir, Guðrún Margrét Jónsdóttir og Kristinn Sveinn Ingólfsson.

Ferðamálasamtök Vestmannaeyja: Berglind Sigmarsdóttir og Íris Sif Hermannsdóttir.

Náttúrustofa Suðurlands: Erpur Hansen.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum: Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson og Willum Andersen.

Ísfélag Vestmannaeyja: Stefán Friðriksson og Eyþór Harðarson.

ILSF í Vestmannaeyjum: Hallgrímur Steinsson.

Katla Geopark og Reykjanes Geopark: Sigurður Sigursveinsson og Þuríður Halldóra Aradóttir.

1.3 Græna eyjan

— Vegferð í átt að 100% orkuskiptum

Framtíðarsýn starfshópsins er að samfélagið í Eyjum búi að orkuöryggi og er að mestu leyti sjálfu sér nægt um raforku og varma. Vestmannaeyjar verði Græna eyjan — samfélag sem skarar fram úr og er öðrum fyrirmynd. Samfélag sem keyrt er á endurnýjanlegri orku. Framtíð þar sem Eyjarnar eru markaðssettar sem sjálfbær byggð, sjávarútvegurinn með vinnslurnar á endurnýjanlegri orku og útgerð sem fjárfestir í grænum valkostum til þess að hámarka verðmætasköpun.

Til þess að svo megi verða tillögur starfshópsins að raungerast.

2. Bætt orkuöryggi í Vestmannaeyjum

2.1 Dreifi- og flutningskerfi raforku — Lífæð Eyja!

Raforkuþörf í Vestmannaeyjum er nú þegar 58 MW (mat frá HS Veitum). Þar af eru um 44 MW ótryggur flutningur, sem þýðir að olía er notuð þegar ekki fæst orka. Það hefur ítrekað gerst. Þá eru ótalin uppbyggingarverkefni sem koma til framkvæmda á næstu árum, þ.e. aukin raforkuþörf í fiskimjölsframleiðslu, landeldi og landtengingu skipa. Það kallar eftir a.m.k. 35-45 MW viðbót á næstu árum. Það má því áætla að raforkuþörf í Vestmannaeyjum verði samtals yfir 100 MW um 2030.

Þar sem einungis er unnt að gera við sæstreng sem bílar, afmarkaðan tíma ársins, yfir sumarmánuði, er nauðsynlegt að annar strengur gæti áfram flutt nauðsynlega raforku með stuðningi eldri strengja. Eldri strengir geta þó aðeins borið mjög takmarkað magn sem varastrengir og líklegt að þeir úreldist án frekari viðgerða ef bilun kemur upp. Tveir nýir strengir eru því nauðsynlegir til þess að uppfylla orkuskiptin sem eru fram undan í samfélaginu.

Það er algjört forgangsmál að nú þegar verði hafinn undirbúningur að lagningu tveggja nýrra rafstrengja til Vestmannaeyja, jafnhliða.

Aðeins tveir nýir rafstrengir, sem bera meira hvor um sig en núverandi strengur (VM3), tryggja örugga raforkuflutninga og hringtengingu og gera áætlanir um 100% orkuskipti í Vestmannaeyjum að raunverulegum möguleika.

Þar með væri unnt að svara þörfum samfélagsins til a.m.k. næstu 15 ára og bregðast við með viðunandi hætti ef annar strengurinn bílar.

Ef fylgja skal stefnu ríkisstjórnar um orkuskipti og til að tryggja orkuöryggi Eyjamanna er mikilvægt að leggja þá í síðasta lagi sumarið 2025.

Mikilvægt er að benda hér á að um er að ræða grunn innviði íslensks samfélags og ætti því ekki að þurfa að sýna fram á fjárhagslegan bata flutningsaðilans af því, frekar en snjóflóðavarna, jarðganga til fámennra samfélaga, niðurgreiðslu rafbíla o.s.frv. Samkvæmt Landsneti er framkvæmdin fjárhagslega fýsileg náist samkeppnishæfir samningar um flutning. Rafstrengir til Eyja eru því ekki kostnaður fyrir ríkið. Samt eru þeir lífæð Vestmannaeyja í orkuskiptum.

Í samræmi við vinnu og viðtöl starfshópsins eru stærstu fyrirtækin í Eyjum, Vinnslustöðin, Ísfélagið, Langa, ILSF (Landeldið) reiðubúin til viðræðna um samkeppnishæfan orkusamning, sem tryggir fjárhagslegan fýsileika verkefnis.

Það á því ekkert að tefja þá ákvörðun að leggja umrædda strengi.

Stefna ríkisstjórnarinnar er orkuskipti; að útrýma notkun jarðefnaeldsneytis. Með því að útrýma að mestu notkun jarðefnaeldsneytis í Vestmannaeyjum og tryggja næga umhverfissvæna orku til að fullnægja orkuþörf þar er stigið stórt skref í að svara stefnu Íslands um jákvæð orkuskipti. Þeir rafstrengir sem nú flytja orku frá Landeyjum og til Vestmannaeyja anna engan veginn núverandi orkuþörf. Ástandið er því afar alvarlegt, því stuðst er enn við jarðefnaeldsneyti í stórum stíl. Skemmst er að minnast þess að vegna bilana í sæstreng VM3, var yfirstaðin loðnuvertíð keyrð á orku frá jarðefnaeldsneyti. Þá var rafknúinn Herjólfur, keyrður á olíu vegna bilunar í flutningskerfi raforku. Skip sem á að vera mikilvægt fyrsta skref og kynningarverkefni um vel heppnuð orkuskipti á sjó.

Ítrekað skal að með þessum framkvæmdum er ekki verið að kalla eftir fjárframlögum frá hinu opinbera til að standa straum af lagningu strengja og orkuflutningi til Vestmannaeyja. Færsla notenda af skerðanlegum flutningi yfir á forgangs flutning skilar auknum tekjum og stendur vel undir lagningu nýrra strengja.

Tillaga starfshópsins:

Starfshópurinn telur algjört forgangsmál að nú þegar verði hafinn undirbúningur að lagningu tveggja nýrra rafstrengja til Vestmannaeyja, samhliða. Það er eina leiðin til að tryggja öryggi raforkuflutninga og hringtengingu og ná 100% orkuskiptum í Vestmannaeyjum líkt og áætlanir stjórnvalda gera ráð fyrir.

Markmið: Að tryggja fullnægjandi raforkuinnviði í Vestmannaeyjum til þess að mæta aukinni raforkuþörf.

Það er afar ánægjulegt að Landsnet hefur þegar hafið undirbúning að lagningu tveggja nýrra rafstrengja til Vestmannaeyja.

2.2 Vatnslögn til Vestmanneyja — Önnur lífæð Eyja!

Án kalds vatns til Eyja myndi samfélagið lamast. Heimili, sjúkrastofnanir og fyrirtæki um allt land þekkja hversu alvarlegt ástand skapast ef neysluvatn skortir um lengri tíma. Ástandið yrði margfalt verra í Eyjum því bilun í einu neðansjárvatnsléiðslunni



sem flytur vatn til Eyja myndi þýða mánaða tafir á viðgerðum, ef unnt væri að gera við hana. Þá byggir hitaveitan í Eyjum, að stærstum hluta, á að hita upp kalt vatn með raforku (og stundum olíu þegar rafstrengur í sjó bilar) og senda inn á kerfið til heimila, sjúkrastofnana og fyrirtækja. Líf sjúklinga væri í hættu. Því hefur Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra varað við hættunni af því að bresti eina vatnsleiðslan til Eyja myndi það stórskaða samfélagið. Hvers kyns bilun á núverandi leiðslu skapar stórhættu. Ef vatnsleiðslan rofnar er líklegt að í langan tíma stöðvist öll fiskvinnsla, löndun, hitaveitan stöðvast, sjúklingar verða í hættu, hvað þá aðstæður heimila og fyrirtækja. Það skapast almannavarnaástand.

Ein vatnsleiðsla, sem lögð var árið 2008, liggur nú frá Landeyjum, neðansjávar, til Vestmannaeyja. Þetta er þriðja leiðslan sem lögð hefur verið þar sem hinar fyrri hafa gefið sig.

Önnur örugg vatnsleiðsla til Eyja telst til grundvallarinnviða fyrir samfélagið og telst til almannavarna. Eins og áður er lýst er lagnaleiðin á sjávarbotni. Viðgerðir er eingöngu unnt að vinna yfir sumarmánuðina vegna veðurs og strauma, ef eina leiðslan sem fyrir er rofnar, ólíkt því sem gerist víðast hvar á landinu þar sem lög er í landi.

Það er afar brýnt að stjórnvöld komi að þessari almannavarnaáðgerð með Vestmannaeyjum og tryggi að þessir mikilvægu innviðir verði styrktir. Öllum má vera ljóst að við þessar aðstæður eru þetta innviðir sem ber að huga að í samstarfi ríkis og sveitarfélags.

Það væri afar ósanngjarnt ef öllum þessum kostnaði við almannavarnir yrði velt á íbúa í Vestmannaeyjum frekar en íbúar annars staðar á landinu sem ekki þurfa að greiða með beinum hætti fyrir aðgerðir vegna almannavarna.

Starfshópnum er ljóst að þetta mál hefur tafist í viðræðum ríkis og Vestmannaeyjabæjar í tvö ár. Samt virðist vera fullur skilningur forsvarsmanna ríkis á að þetta er einstakt tilfelli, sem kallar á stuðning ríkisins. Hér er ekki leitað að blóraböggjum, heldur hvatt til að mál séu leyst hratt og vel og hafist handa við lagningu nýrrar vatnslagnar til Vestmannaeyja. Hagkvæmt gæti verið að gera það samhliða lagningu rafstrengja, með samnýtingu sértæks skipakosts, sem er kostnaðarmikill þáttur verksins. Hvoru tveggja ætti að geta gerst miðað við lagningu sumarið 2025.

Tillaga starfshópsins:

Starfshópurinn leggur til að þegar verði hafin framkvæmd við nýja neðansjávar vatnsleiðslu til Vestmannaeyja í samstarfi ríkis, HS veitna og Vestmannaeyjabæjar.

Markmið: Að tryggja vatnsöryggi í Vestmannaeyjum.

Þann 3. júlí 2023 var undirrituð viljayfirlýsing milli ríkisins og Vestmannaeyjabæjar um nýja vatnslögn til Vestmannaeyja.





3. Orkuöflun innan svæðis

Ástæða er til að geta merks nýsköpunarverkefnis þegar byrjað var að leggja dreifikerfi fyrir hitaveitu í Vestmannaeyjum árið 1976 þar sem varmi úr hrauninu frá Heimaeyjargosinu árið 1973 var nýttur sem varmagjafi fyrir veituna. Meirihlutinn af bænum var þannig kominn með hitaveitu upp úr 1980 (en kalda vatnið kom í neðansjárleiðslu ofan af landi). Varmi frá hrauninu nýttist fyrir hitaveituna í um 10 ár en þá hafði hraunið kólnað um of.

Í varmadælustöð HS veitna í Eyjum er nú sjór nýttur sem varmagjafi fyrir hitaveitu HS Veitna. Sérgerðar varmadælar taka til sín varma við lág hitastig sjávar og skila honum frá sér við hærra hitastig. Í Eyjum er varmi tekinn úr borholum. Sjór úr holunum kólnar síðan við varmanýtingu til heimila og fyrirtækja úr 6 til 11°C í 2 til 3°C í stöðinni og er kældur sjórinn einnig nýttur af fiskvinnslu og útgerð. Sjór frá stöðinni sem ekki er nýttur af fiskvinnslu rennur til sjávar norðan við Eiðið. Stöðin annar um 93% árlegrar varmaorku til húshitunar í Vestmannaeyjum. Með tilkomu varmadælustöðvarinnar er rafmagnsnotkun hitaveitunnar um þriðjungur af því sem áður var.

Þrátt fyrir þennan orkusparnað sem hefur skapast við innleiðingu framangreindar tækni hefur orkukostnaður hækkað á íbúa í Vestmannaeyjum. Má það m.a. rekja til hærri kostnað við flutning orkunnar en við þennan sparnað hefur orkuflutningur farið undir 4.500 stunda viðmið Landsnets. Fyrir vikið hefur kostnaður við flutninginn farið í hærri verðflokk sem hefur leitt til hærri orkuverðs á neytendur í Vestmannaeyjum. Starfshópurinn telur nauðsynlegt að endurskoða gjaldskrárumhverfi raforku með þeim hætti að þær skapi hvata til þess að nýta tækni sem þessa, einkum til þess að stuðla að frekari framþróun í þessum eignum sem og betri orkunýtingu.

Einnig er kostur á, með aukinni tækniþróun, að nýta betur volgar borholur sem hafa verið boraðar í Eyjum en þóttu ekki hægur til vinnslu. Því væri æskilegt að fyrirtæki á svæðinu skoði, ásamt Vestmanneyjabæ, möguleika á að sækja eftir stuðningi úr Orkusjóði til frekari rannsókna, uppbyggingu og vinnslu.

Tækni fleygir auk þess fram til að framleiða græna orku. Miðað við rannsóknir og tilraunir víða í heiminum kann að vera að alls staðar verði síðar unnt að draga upp hreinan jarðvarma, að kjarnasamruni skili hreinni orku, að vindorka verði enn sterkari hluti lausnar, að aukin tækni við virkjun sólarorku verði það einnig. Þróun á fljótlandi jarðgasi (LNG) fleygir fram. Jafnvel að sjávarfallavirkjanir verði raunhæfur samkeppnishæfur valkostur. Vindmylluknúin götuljós eru einnig dæmi um mun smærri áhugaverða kosti sem fleygir fram.

Allir þessir kostir eru tækifæri til stuttrar og langrar framtíðar, sem að einhverju leyti væri unnt að virkja í heimabyggð og skynsamlegt að skoða frekar. En það er ef til vill óþarflega langsótt að fjármagna slík verkefni fyrir tiltölulega lítið samfélag í Eyjum þar sem þarf er á orku strax. Ólíklegt að þau yfirvinni kosti þess að flytja áfram vístvænt rafmagn ofan af landi um strengi til Eyja.

Tillaga starfshópsins:

Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið setji af stað vinnu í samvinnu við Vestmannaeyjabæ við að kanna frekari kosti við nýtingu lághita og annarra staðbundinna orkuöflunarkosta.



Markmið: Að stuðla að aukinni orkuframleiðslu í Vestmannaeyjum.

4. Hringrásarhagkerfi og græn atvinnuuppbygging

Eins og fyrri tillögur starfshópsins bera með sér, er til lítils að ræða um græna atvinnustarfsemi eða hringrásarhagkerfið ef hún þarf áfram að byggja að stórum hluta á jarðefnaeldsneyti, miðað við stefnu ríkisstjórnar um orkuskipti. Hið sama gildir um tryggingu þess að hreint vatn berist til Eyja.

Fullnýting sjávarafurða hefur um langt skeið verið keppikefli sjávarútvegsfyrirtækja í Vestmannaeyjum. Aukin athygli á sérstöðu og áhuga Vestmannaeyinga á þessu sviði getur aukið ferðaþjónustu og styrkt ímynd Vestmannaeyja sem fyrirmynd í hringrásarhagkerfinu. Starfshópurinn hefur rætt við forsvarsmenn Íslenska sjávarklasans, sem bjóðast til að veita alla mögulega aðstoð til að raungera þetta verkefni. Ekki þarf að spyrja um áhuga og vilja matvælafyrirtækjanna í Eyjum, auk veitingastaða, ferðaþjónustunnar, bæjarstjórnar og listafólks.

Hvað þýðir að nýta sjávarafurðir 100%? Með því er átt við að stefnt sé að því að ekkert muni heita úrgangur sem fer til spillis, allt verður „nýtanlegt hráefni“ sem getur skapað verðmæti. Öll afurð er nýtanleg, öll aðföng til vinnslu verða einnig hugsuð til áfram nýtingar. Keppst er við að gera þetta á sem mest orkusparandi hátt og þannig að kolefnissporið sé sem minnst. Þannig er hringrásarhagkerfið raungert. Að sama hátt þarf að finna leiðir til þess að aðrir úrgangsstraumar verði nýttir sem hráefni í stað þess að vera fargað. Langt er í land að hringrásarhagkerfið verði 100% en íslenski sjávarútvegurinn hefur sýnt fram á að þetta er vel framkvæmanlegt. Vestmannaeyjabær hefur fullt tækifæri til þess að taka forustuna í eflingu hringrásarhagkerfisins hér á landi.

Tillaga starfshópsins:

Vestmannaeyjabær verði fyrsta sveitarfélagið í heiminum til að taka upp stefnu sem miðar að „100% fisk“, þ.e. 100% fullvinnslu og fullnýtingu allra sjávarafurða. Samhliða verði unnið að eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu.



Markmið: Að auka enn frekar verðmætasköpun með fullnýtingu sjávarafurða á sjálfbærnan hátt og efla hringrásarhagkerfið.

Unnið er að gerð viljayfirlýsingar um framangreint samstarf, að frumkvæði Vestmannaeyjabæjar og Íslenska sjávarklasans.



5. Menningarminjar og náttúru- tengd innviðauppbygging

5.1 Vestmannaeyjar, jarðvangur

Hnattrænir Unesco jarðvangar fá stimpil Unesco sem slíkir fyrir að vekja athygli á einstakri náttúrulegri stöðu sinni. Þessir jarðvangar vekja heimsathygli. Þá sækir áhugafólk sem ferðafólk víða að úr heiminum. Eðli málsins samkvæmt getur ekki hvaða svæði sem er orðið að „Unesco hnattrænum jarðvangi“. Til þess þarf að sýna fram á sérstöðu og þar sem minjum og landslagi, sem eru jarðfræðilega mikilvæg á heimsvísu, er stýrt eftir stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun.

Oft hefur sveitarstjórnarfólki þótt ríkið seilast langt til að stjórna umhverfismálum í heimabyggð. Kosturinn við hugmyndina að baki „Unesco Global Geopark“ er að verkefninu yrði alfarið stjórnað af Vestmannaeyjabæ. Enginn tekur völdin af heimafólki. Það metur sjálf hvaða skref þau vilja stíga og hvernig þau eru tekin. Að sjálfsögðu er gerð ákveðin krafa um gæði í þjónustu og umhverfi, til að hljóta tilnefninguna en það er þá alfarið á hendi Vestmannaeyjabæjar og samstarfsaðila að uppfylla þau.

Vestmannaeyjar, með hina miklu jarðfræðilegu sérstöðu, auðuga fuglalíf, friðaða Surtsey, sem mælir þróun frá því hún reis úr sjó - og ekki síst samfélag sem hefur lifað og barist við eldgos í íbúabyggð - á sannarlega merka sögu að segja.

Það hefur sannast víða að jarðferðamennska (e. geotourism), hefur leitt til nýsköpunar í atvinnurekstri með nýjum störfum og hágæða þjálfun. Hún skapar ný tækifæri til tekjuöflunar á sama tíma og jarðfræðilegar auðlindir svæðis eru verndaðar. Þessi hugmynd myndi einnig falla mjög vel að þeim innviðum sem Eyjamenn hafa þegar byggt upp, s.s. Eldheimum, FabLab, SeaLife, Ferðamálasamtökum og samstarfi við margvíslegar vísindastofnanir.

Með því að ná skráningu sem Unesco Global Geopark er bæði verið að efla vitund heimafólks fyrir náttúrunni og kynna þetta einstaka samfélag fyrir umheiminum

á eftirsóknarverðan og sérstakan hátt, um leið og ferðafólk með virkilegan áhuga á náttúrunni geta notið þessara einstöku eyja. Þetta væri því kærkomin viðbót við það ágæta kynningarefni sem nú er sett fram um Eyjar fyrir ferðafólk.

Unesco Global Geoparks verkefnið er undir málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins hér á landi. Starfshópurinn telur það kærkomið og auðsótt að bæjarstjórn kanni frekar kosti þess að vinna að undirbúningi stofnunar jarðvangs í Vestmannaeyjum.

Fulltrúar starfshópsins hafa átt samtöl við forsvarsmenn þeirra tveggja Unesco jarðvanga sem eru hér á landi, Katla Jarðvangur og Reykjanes jarðvangur. Allir sjá tækifæri og sérstöðu Vestmannaeyja og eru reiðubúnir að styðja Vestmannaeyjabæ í að undirbúa sig fyrir að fá viðurkenningu til að verða útnefndur slíkur jarðvangur. Það er alfarið bæjarstjórnar að ákveða framhaldið.

Tillaga starfshópsins:

Vestmannaeyjabær kanni frekar kosti þess að vinna að undirbúningi stofnunar jarðvangs í Vestmannaeyjum: „Vestmannaeyjar, Unesco Global Geopark“.



Markmið: Að auka náttúruvernd með stofnun jarðvangs í Vestmannaeyjum.

5.2 Uppbygging innviða í þágu náttúruverndar

Aðlögun mannsins að náttúrunni, samspil þess að hennar sé notið og að hún sé varin, er mikilvægt verkefni. Mikilvægt er að marka enn frekar gönguleiðir um Heimaey og gera áætlun um góðar gönguleiðir, sem ekki verði mikið stigið frá inn í viðkvæma náttúru. Þetta er viðamikil verkefni sem ráðuneytið er hvatt til að styðja.

Gott starf hefur verið unnið af bæjaryfirvöldum í samstarfi við sjálfbodaliða og stuðningshópa og samtök heimamanna, til að bæta aðgengi að merkum náttúrusvæðum. „Sjö tinda sýn“, „Puffin run“, og fleiri viðburðir eru skýr dæmi þess. Vel hefur verið unnið að gerð gönguleiða víða um Eyjar. Heimaklettur, Dalbjall, gönguleiðir vestur með Eyjunni er gott dæmi um það. Með aukningu ferðafólks til Eyja, sem hefur áhuga á slíkum gönguleiðum, er hins vegar mikilvægt að vernda svæðin betur með því að halda áfram merkingum gönguleiða, varanlegri gerð og viðhaldi þeirra.

Æskilegt væri að fara í samstarf við ráðuneytið til að bæta aðgengi fólks að Stórhöfða, þar sem er einstakt samspil, veðráttu, náttúru og fjölbreytts fuglalífs, með sem minnstu raski.

Tillaga starfshópsins:

Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið og Vestmannaeyjabær skoði möguleika á frekari uppbyggingu innviða í Vestmannaeyjum til þess að vernda eintaka náttúru í Vestmannaeyjum.



Markmið: Að auka náttúruvernd með innviðaupbyggingu svo sem göngustígum og útsýnispöllum.

5.3 Nýsköpun

Okkur ber að styðja yngstu íbúana til að skynja menningarlegan og félagslegan arf sem býr í einstakri náttúru. Besta leiðin til að styrkja virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu til framtíðar er að kenna börnum okkar að virða og umgangast umhverfið.

Starfshópurinn telur mikilvægt að sú uppbygging sem nú á sér stað í styrkingu leik- og grunnskólakerfisins í Eyjum „KVEIKJUM NEISTANN“ þurfi áfram að njóta athygli allra ráðuneyta og stuðningi. „Átakið“ þarf að verða „eðlislægt“ fyrir samfélagið. Þetta er grunnurinn að því að börnin okkar finni styrk sinn á fyrstu skólastigum og haldi honum áfram. Styrking tækni- og þróunarsetra eins og FAB LAB VESTMANNAEYJAR, auk öflugs íþróttá- og tólmundastarfs, eru gríðarlegt tækifæri til að styrkja börnin og einstaklingana og auka gæði í þjónustu við íbúa.

Gera má ráð fyrir að styrking framangreindra þátta verði enn aukin lyftistöng fyrir samfélagið og auki áhuga ungra fjölskyldna á að búa í þessari náttúruparadís. Hluti þess að börn í Eyjum eru, í gegnum breytta nálgun, að ná mun betri árangri í grundvallarhæfni, er að þau skynji þann mikilvæga menningarlega og félagslega arf sem tengist Heimaey, náttúrunni og samfélaginu öllu.

Enn og aftur má spyrja hvað þetta komi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við? Svárið er að þetta varðar innsta kjarna okkar tilveru. Umhverfis-, orku- og loftslagsmál kalla eftir heilbrigðum og skynsömum einstaklingum sem fylkja sér um að nýta og vernda náttúruna og umhverfið! Ráðherrar barna, menntamála og nýsköpunar hljóta að fagna þessu viðhorfi og styðja það einnig. Þau góðu ráðuneyti og ráðherra látum við, a.m.k. hér með, vita af skoðun okkar og biðlum einnig til þeirra.

Tillaga starfshópsins:

Starfshópurinn leggur til að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti skoða möguleika á að styðja við nýsköpunarumhverfið í Vestmannaeyjum hvað varðar verkefni á málaefnasviði ráðuneytisins.



Markmið: Að efla enn frekar nýsköpun í Vestmannaeyjum í þágu umhverfisins.



6. Önnur atriði til eflingar samfélagsins í Vestmannaeyjum

6.1 Jarðgöng til Vestmannaeyja

Hér að framan hefur m.a. verið lýst mikilvægi öruggra orkuflutninga og vatnsflutninga til Vestmannaeyja. Þá er lýst tækifæri til að Eyjar verði fyrirmynd í 100% nýtingu sjávarauðlindarinnar. Mikil tækifæri eru í fullvinnslu sjávarafurða og ýmiskonar nýsköpunarstarfsemi sem kallar á að viðhalda ferskri vöru á markað með skjótum samgöngum.

Ferðþjónustan, sem sterk atvinnugrein, á mikið inni ef tekst að koma á öruggari fólksflutningum milli Lands og Eyja um leið og náttúran er vernduð á skynsamlegan hátt. Styrking samgangna gerir Suðurlandið að einu atvinnu- og þjónustuvæði.

Einnig er mikilvægt að samfélagið haldi vel utan um yngstu kynslóðina sem hvetur ungar fjölskyldur til að búa í Eyjum, njóta nálægðar við alla þjónustu og nálægðar við náttúru. Þá er lýst nauðsynlegum verkefnum til að vernda náttúruna, börnin læri um hana, um leið og fleira ferðafólk njóti hennar.

Jarðgöng gætu tvímælalaust styrkt atvinnulíf og búsetuskilyrði í Eyjum og svarað mjög mörgum spurningum um jákvætt framtíðarskipulag. Gerð jarðganga til Vestmannaeyja, myndi vissulega auðvelda allar lagna- og flutningaleiðir og öryggi þeirra á milli lands og Eyja til langrar framtíðar. Raforka, kalt og heitt vatn og ljósleiðara-tengingar myndu fara í gengum göngin (eða öðru nafni lagnakjallarann) og allt aðgengi væri auðveldara vegna bilana eða viðhalds. Þá myndu jarðgöng til Eyja skapa tækifæri til þess að draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis frá samgöngum og vöruflutningum til og frá Eyjum.

Umræða um göng til Eyja hefur staðið yfir í 20 ár. Umræðan hefur að okkar mati verið of fullrýðingasöm og pólitísk og því lítið miðað áfram. Þó hefur, á þessum tíma, verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að það er mögulegt að gera slík göng.

Enn á eftir að reikna út arðsemi þessa verkefnis en það byggir á samverkandi þáttum s.s. heildarkostnaði, viðunandi akstursgjaldi, fjármögnun og ýmiskonar öðrum þáttum sem sparast gætu með göngum.

Um þessar mundir eru Færeyingar (15% af íbúafjölda Íslands) að undirbúa enn lengri göng en hér um ræðir. Þeir hafa gert nauðsynlegar grunnrannsóknir og eru á fullri ferð í verkefninu.

Kostnaður við Eyjagöng hefur, því miður, aldrei verið að fullu áætlaður þar sem enn vantar upp á lokarannsóknir á jarðlögum við gangaopin. Þegar niðurstöður þeirra rannsókna liggja fyrir er fyrst unnt að meta heildarkostnað við gerð ganga, meta þann innviðakostnað sem sparast við slík göng (t.d. Herjólf og Landeyjahöfn, viðgerðir á sæstrengjum og löngum og risjóttum ferðum til og frá Eyjum) á móti göngum. Þá yrði einnig fyrst unnt að nefna Eyjar sem raunverulegan hluta af atvinnusvæði Suðurlands með tilheyrandi sparnaði og auknum gæðum í þjónustu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila. Þegar þessum rannsóknum er lokið er fyrst hægt að meta fýsileika þess að leggja göng, meta nauðsynlegt gjald í slík göng ásamt sparnaði opinberra aðila gagnvart öðrum útgjöldum m.a. í samgöngum, hafnargerð, og opinberri þjónustu sem breytist við það að Eyjar tengjast Suðurlandi sem þjónustusvæði.

Bylting í samgöngum og tengingum nauðsynja með tilkomu ganga, eins og raforku og vatns, þyrfti að vera einhuga verkefni heimafólks þar sem margt í samfélaginu myndi breytast. Því þarf augljóslega að fara fram betri greining á styrkleikum hugmyndar, veikleikum hennar, ógnunum sem hún gæti haft í för með sér, ásamt tækifærunum (SVÓT greining).

Ítrekað skal að verkefnið væri ekki síst tækifæri fyrir hið opinbera að draga úr ýmsum fyrirbyggjandi kostnaði og framtíðarkostnaði. Því er eindregið lagt til að ríkið leggi fram fjármagn til lokarannsókna. Rétt er að taka fram að Vestmannaeyingar eru vanir því að greiða fyrir aðgang sinn að þjóðvegum Íslands, í gegnum Herjólf. Sama á við um alla gesti er koma nú til Eyja. Flestir Eyjamenn telja ekkert því til fyrirstöðu að svo verði áfram í gegnum göng.

Tillaga starfshópsins:

Starfshópurinn telur það vera lykilatriði að ljúka sem fyrst öllum rannsóknum og fýsileikakönnun svo unnt sé að taka afstöðu til jarðganga til Eyja.

Markmið: Að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis frá samgöngum og vöruflutningum til og frá Vestmannaeyjum

Innviðaráðherra hefur nú skipað stýrihóp til að kanna fýsileika á göngum til Vestmannaeyja. Starfshópurinn fagnar því.



7. Lokaorð

Starfshópurinn tók að sér að skila skýrum og hnitmiðuðum tillögum til ráðherra á örfáum mánuðum. Starfshópurinn hefur lagt áherslu á að ná til sem flestra faghópa og sérfræðinga er tengjast málefnasviði ráðuneytisins og leggja fram skýrar tillögur sem unnt er að hefja strax framkvæmdir við.

Starfshópurinn hefur stuðst við fjölda viðtala og gagna sem til eru um verkefni starfshópsins.

Starfshópurinn lagði áherslu á að setja niðurstöður hópsins fram á þann hátt að koma beint að efninu og leggja fram tillögur með skýrum hætti frekar en að skrifa langa skýrslu, sem myndi hugsanlega daga uppi í hillum ráðuneytis eða þjóðarbókhlada. Það er gert hér að framan.

Því miður er íslenskt stjórnkerfi enn þannig gert að brýn verkefni sem hér eru nefnd eru ekki öll í verkahring þess ráðherra er skipaði starfshópurinn þótt þau tengist augljóslega.

Brýnt er að ráðuneyti vinni saman að þessum brýnu verkefnum. Það þarf því „samhljóm“ ráðherra og fleiri ráðuneyta.

Vandi okkar, sem sitjum í starfshópi eins ráðherra; umhverfis-, orku- og loftslagsmála, er að málefni sem við fjöllum um, eru öll viðkomustaðir þessa ráðherra en tengjast líklega 5 ráðherrum og ráðuneytum og því mikilvægt að samstarf sé haft við framkvæmd tillaganna.

Tillögur okkar, margar hverjar, eru í raun samverkandi tillögur sem allir þessir ráðherrar og helst meirihluti alþingismanna, þurfa að styðja. Við biðlum því jafnframt til þeirra að aðstoða Eyjamenn í þeirri viðleitni að gera gott samfélag betra.

Það er ekki síst mikilvægt að embættismenn annarra ráðuneyta, líti ekki á tillögur okkar sem árásir á þeirra umráðasvæði, án þess að þeir hafi fengið eitthvað um málið að segja; „við erum að vinna fyrir eitt sameiginlegt verkefni“ – við þurfum sameiginlegan skilning á það – og við þurfum að tryggja að öll ráðuneytin, allir þessir ráðuneytisstjórnar og hæfu embættismenn vinni með okkur. Enda er full ástæða til að ætla að viðmælendur okkar segi hið sama við önnur ráðuneyti og þeir segja við okkur um stöðu mála. Það er því brýnt að leita eftir samstöðu um að við vinnum þessi verkefni saman!

Einlæg ósk okkar er að það geti tekist.

Við þökkum ráðherra fyrir að hafa kallað til starfshóp um ofangreind verkefni og sérstaklega starfsmanni ráðuneytisins, sem vann með okkur.

Það er von okkar að niðurstöður sé nógu skýrar til að unnt sé að hefjast strax handa við öll ofangreind verkefni.



8. Erindisbréf



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Árni Sigfússon
Brekadalur 67
260 Njarðvík

Reykjavík 24. febrúar 2023

Tilv.: UMH23020102/2.3.8

Á fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 21. febrúar sl. var farið yfir helstu áskoranir sem bæjarstjórn glímir við sem og helstu hagsmunamál sveitarfélagsins.

Á fundinum kom fram það sjónarmið heimamanna að meginviðfangsefni svæðisins snúi að því að styrkja innviði til að tryggja afhendingaröryggi raforku til Vestmannaeyja. Til að tryggja örugg búsetuskilyrði og styrkja samkeppnisstöðu sveitarfélagsins þurfi að tryggja örugga innviði til framtíðar, þ.m.t. flutnings- og dreifikerfi og stuðla að fjárfestingum á svæðinu til uppbyggingar á grænni atvinnustarfsemi.

Í ljósi framangreinds hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að setja á fót starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála í Vestmannaeyjum, sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið.

Er starfshópnum falið að leggja fram tillögur er snúa að bættu orkuöryggi svæðisins hvað varðar dreifi- og flutningskerfi raforku og kanna möguleika á aukinni orkuöflun innan svæðisins. Jafnframt skal hópurinn leggja fram tillögur um eflingu hringrásarhagkerfisins, menningarminjar og náttúrutengda innviðauppbyggingu sem og með hvaða hætti verði stuðlað að grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum til ráðherra með skriflegum hætti. Tillögur eða ábendingar hópsins skulu vera stuttar og hnitmiðaðar. Ráðuneytið mun taka tillögur og ábendingar hópsins til frekari skoðunar og útfærslu eftir atvikum.

Starfshópurinn er þannig skipaður:

Árni Sigfússon, fyrrverandi bæjarstjóri í Reykjanesbæ, formaður,
Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum,
Gísli Stefánsson, bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum.

Með hópnum mun starfa sérfræðingur á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Starfshópurinn skal hafa samráð við hagaðila og stofnanir eftir því sem við á.

Farið er fram á að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 1. júlí 2023.

Formaður ber ábyrgð á að halda til haga upplýsingum um virkan starfstíma nefndarinnar, þ.e. fjölda funda og lengd þeirra og skila til ráðuneytisins. Jafnframt ber hann ábyrgð á að fundargerðum og niðurstöðum nefndarstarfs sé skilað rafrænt til ráðuneytisins, ásamt öðrum gögnum.

Starfshópurinn skal ekki stofna til kostnaðar án heimildar ráðuneytisins.

Greiðsla fyrir störf í starfshópnum fer samkvæmt ákvörðun þóknananefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.



Guðlaugur Þór Þórðarson



Stefán Guðmundsson

